

7. Suðurmúlasýsla.	kr. a.	kr. a.	50
Eign frá fyrra ári (í sjóði)	477 96		
Sýsluvegagjald	1233 54		
Aðrar tekjur, þar með tillag úr landssjóði .	467 82		
Skuld frá fyrra ári	<u>1200 »</u>	3379 32	

Gjöld.

1. Húnavatnssýsla:			
Vegabótakostnaður	795 71		
Önnur gjöld	522 »		
Eign til næsta árs	<u>859 74</u>	2177 45	
2. Skagafjarðarsýsla:			
Vegabótakostnaður	733 38		
Önnur gjöld	152 »		
Eign til næsta árs	<u>611 32</u>	1496 70	
3. Eyjafjarðarsýsla.			
Vegabótakostnaður	1375 73		
Eign til næsta árs	<u>109 15</u>	1484 88	
4. Suðurþingeyjarsýsla.			
Vegabótakostnaður	833 48		
Eign til næsta árs	<u>601 27</u>	1434 75	
5. Norðurþingeyjarsýsla.			
Vegabótakostnaður	106 20		
Eign til næsta árs	<u>457 88</u>	564 8	
6. Norðurmúlasýsla.			
Vegabótakostnaður	874 74		
Eign til næsta árs	<u>1110 61^{3/4}</u>	1985 35 ^{3/4}	
7. Suðurmúlasýsla.			
Skuld frá fyrra ári	1200 »		
Vegabótakostnaður	969 32		
Eign til næsta árs	<u>1210 »</u>	3379 32	

Skrifstofu norður- og austuramtsins 6. marz 1884.

J. Havsteen.
settur.

Skýrsla

51

um fund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 4. 5. og 7. janúar 1884.

Ár 1884, 4. jan. var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmani Júlíus Havsteen, með amtsráðsmönnum Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og sjera Arnljóti Ólafssyni á Bægisá.

Mál þau, er til umræðu komu á fundinum, voru þessi:

1. Var rædd og samþykkt:

AÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins um árið 1884.

		Tekjur.	Kr.
1.	Niðurjöfnun á lausafjórðungi (c, 20000) 20 aurar á hndr.		4000,00
		Gjöld.	Kr.
1.	Skuld frá fyrra ári	1791,76	
2.	Amtsráðið	150,00	
3.	Til sáttamála	10,00	
4.	Til heilbrigðismála	300,00	
5.	Til menntunarmála	800,00	
6.	Til heyrnar- og málleysingja	420,00	
7.	Dagsrentur af láninu til brúarinnar á Skjálfanda- fljóti, hjer um bil	400,00	
8.	Til óvissra útgjalda	128,24	4000,00

Orsökkin til þess, að jafna skuli þurfa niður 20 aurum á hvert hundrad, þótt jafnaðarsjóðurinn sje nú samkvæmt lögum 21. septbr. 1883 orðinn laus við að endurborga kostnað þann, sem hefur gengið til bygginga fangelsa í umdæminu, er fyrst sú, að lausafjórðungi á árinu 1883, sem gjaldið skal miðað við, eru eigi talin nema hjer um bil 20000, þar sem gjöra má ráð fyrir því, að þau sökum hællærisins hafi fækkað töluvert, en samkvæmt reikningum sýslumanna fyrir gjaldinu til amtssjóðs á árinu 1883, sem er lagt á lausafjórðungi 1882, eru gjaldskyld lausafjórðungi 23323,05 að tölu. Að lausafjórðungi hjer eru talin 20000 er byggt á ágizkun einni, þar sem hinar fyrirskipuðu skýrslur um lausafjórðungi á árinu 1883 eru enn þá ekki komnar frá sýslumönnum og geta ekki verið komnar. Í annan stað er sjóðurinn við árslok 1883 í 1791 kr. 76 a. skuld og skal amtsráðið í því tilliti geta þess, að sjóðurinn var þegar við árslok 1882 kominn í nokkra skuld, sem sjer í lagi, auk þess sem kostnaðurinn til heilbrigðismála varð talsvert meiri, en ætlast var til, hafði orsakast af því, að nokkur dráttur hafði orðið á því að undanfögnu, að endurgjalda það, sem fyrirfram hafði verið lagt úr landssjóði með heyrnar- og málleysingjum, og hafði þessi dráttur að nokkru leyti rót sína í því, að óvissa var um endurborgun meðlagsins með einum málleysingja. Reikningur jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1882, sem prentaður er í Stjórnartíðindunum, sýnir hvað mikið var útborgað úr sjóðnum í því skyni. Ráðið tók að vísu hæfilegt tillit til þessarar skuldar, þá er það samdi áætlun sína yfir tekjur og gjöld sjóðsins fyrir 1883, en samt sem áður er skuld sjóðsins við árslok orðin um helmingi stærri, en hún var við árslok 1882. Þetta kemur fyrst til af því, að tekjur af niðurjöfnuninni fyrir 1883 urðu hjer um bil 1000 kr. minni en áætlað var. Hin áætlaða niðurjöfnunarupphæð var sem sje 5614 kr., en jafnaðarsjóðsgjaldið á árinu 1883 hljóp að eins 4688 kr. 70 a. Amtsráðið, sem hafði eigi fyrir sjer lausafjórðungiaskýrslurnar fyrir 1882, varð sem sje að fara eptir lausafjórðungiátöluinni á árinu 1881 (c. 28070), en sú raun varð á, að hún hafði gengið niður frá því ári þar til á árinu 1882 um hjer um bil 5000 hundruð. Í annan stað er kostnaðurinn til heilbrigðismála orðinn um 1200 kr. eða 900 kr. meiri en ætlað var, og kemur þetta til af því, að á árinu 1883 hefir verið gjörð gangskör að því, að láta bólusetningar fram fara, en þeim hafði verið fremur lítið sinnt að undanfögnu.

Útgjaldaliðirnir 2. 3. og 4. eru hinir sömu og tilfærðir eru í áætluninni fyrir 1883. 51

Til menntunarmála eru ætlaðar 800 kr., eða 100 kr. fram yfir það, sem áður hefur verið áætlað, þar sem amtsráðið vill veita alþýðuskóla í Grýtubakkahrepp 100 kr. styrk á þessu ári samkvæmt bænarskrá stofnanda skólans, Einars umbodsmanns Ásmundssonar, sem var framlögð. Ráðið ályktaði einnig að mæla fram með að skóli þessi fengi styrk úr landssjóði.

Til heyrnar- og málleysingja eru eigi áætlaðar nema 420 kr., með því að 2 málleysingjar hafa útskrifast úr kennslustofnuninni í Kaupmannahöfn á árinu 1883.

2. Forseti skýrði frá, að bæjarfógetinn á Akureyri hefði í brjefi til amtsins 1. desbr. f. á., viðvikjandi ýmsu, sem þyrfti að útvega til fangelsisins á Akureyri, getið þess, að það væri mjög óhentugt fyrir lögreglustjóra, að amtsbókasafnið væri geymt í norðurstofu fangahússins, sem sje upphaflega ætluð til þess að vera rjettarhaldsstofa, enda færi mjög illa um bókasafnið þar, þar sem eigi yrði komizt upp í fangakleffana, nema að ganga um stofuna. Bæjarfógetinn fer þess á leit af þessum ástæðum, að amtsráðið sleppi aptur þessari stofu, og hlutist til um að bækurnar verði fluttar í annan stað, og bendir hann jafnframt til þess, að bæjarstjórnin á Akureyri væri fús á, að sleppa suðurstofunni í fangahúsinu, sem hún á, gegn sanngjörnu verði. Forseti hafði síðan leitað til samninga hjer um við bæjarstjórnina, sem lýsti því yfir, að hún vildi selja amtinu stofuna fyrir 1000 kr., sem borgist með 100 kr. á ári, og mætti 1. afborgun bíða 2 eða 3 ár. Ráðið fól forseta sínum, að ganga að þessum kostum, þar sem eigi yrði hjá því komizt að útvega húsrúm handa bókasafninu.
 3. Amtsráðið veitti kvennaskólanum í Húnavatnssýslu 150 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir árið 1883.
 4. Framlagt var brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, 26. okt. f. á., og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhrepp, ásamt fylgiskjólum, þar sem hún skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu, 30. marz f. á., er fellir úr gildi úrskurð hreppsnefndarinnar, 18. des. 1882, á kæru svo nefnds «Kaupfjelags Þingeyinga» yfir því, að hreppsnefndin hafi gjört fjelaginu 80 kr. útsvar til hreppsins haustið 1882, og ákveður, að tjeðu fjelagi beri eigi að svara þessu útsvari, en minni hluti sýslunefndarinnar hefur gjört það ágreinings atkvæði, að eigi sje fyrir hendi nein áreiðanleg sönnun fyrir því, hvers eðlis «Kaupfjela Þingeyinga» sje, sjer í lagi hvort það sje að skoða sem þöntunarfjela eða verzlunarfjela, enda heyri spurningin um, hvort slíkt fjela eigi að greiða sveitarútsvar, eigi undir endilegan úrskurð sýslunefndarinnar, heldur undir úrslit dómstólanna.
- Að vísu hneigist amtsráðið, samkvæmt þeim málsgögnum sem fyrir liggja, fremur að þeirri skoðun, hvað efni málsins snertir, að fjelaginu eigi sje skylt, að greiða útsvar til Húsavíkurhrepps, en á hinn bóginn er það minni hluta sýslunefndarinnar samdóma um, að spursmál um, hvort maður eða fjela eigi að greiða útsvar til sveitar eður skatt yfir höfuð, eða ekki, komi eingöngu undir endilegan úrskurð dómstólanna, og getur sá, sem einhver hreppsnefnd gjörir útsvar og lætur taka það lögtaki hjá samkvæmt opnu brjefi, 2. apríl 1841, leitað rjettar síns gegn hlutadeigandi hreppsnefnd á þann hátt, sem segir fyrir um í 5. gr. nefnds opins brjefs, ef hann þykist alls eigi skyldur til að greiða útsvar til hreppsins. Sam-

51

kvæmt þessu ályktaði amtsráðið, að úrskurður sýslunefndarinnar í þessu máli sje eigi bindandi fyrir hreppsnefndina í Húsavíkurhreppi.

5. Forseti fram lagði brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 7. f. m., sem er álit hans um kæru sjera Stefáns Jónssonar á Bergsstöðum til amtsráðsins yfir því, að sýslunefndin hafi með úrskurði sínum, 16. maí 1881, hækkað útsvar hans til Bólstað-arhlíðarhrepps haustið 1880 um 10 kr., þótt hreppsnefndin hefði eigi úrskurðað neitt um þetta útsvar hans, og þess eigi verið krafizt gagnvart hreppsnefndinni.

Það sjest nú af þessu máli, að útsvar það, sem sjera Stefáni var gjört haustið 1880, að eins hafi verið tekið til samanburðar af öðrum manni í sveitinni, Magnúsi Bjarnasyni á Ytra-Tungukoti, sem heimtaði útsvar sitt lækkað, en að eigi hafi verið krafizt hækkunar á útsvari sjera Stefáns, fyr en þessi útsvarskæra Magnúsar kom til sýslunefndarinnar. Ráðið álitur, að það liggi í augum uppi og leiði af 19. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, að sýslunefnd geti eigi lagt úrskurð á útsvarskæru, sem eigi áður hefur verið lögð undir hlutadeigandi hreppsnefnd á formlegan hátt, enda virðist oddviti sýslunefndarinnar í frammannefndu álitu sínu að vera þessu samdóma, en það kemur í sama stað niður, hvort sýslunefndin leitar álits hreppsnefndarinnar um slíka kæru áður en hún úrskurðar hana, eða ekki, en þetta hefur eigi verið gjört í því tilfelli, sem hjer er um að ræða. Amtsráðið ályktar því, að sýslunefndin hafi í þessu tilfelli farið fram yfir vald sitt, og er úrskurður hennar í þessu máli, 16. maí 1881, úr gildi feldur með skírskotun til sveitarstjórnartilskipunar 4. maí 1872, 52. gr. 1., þannig að þær 10 kr., sem útsvar sjera Stefáns var hækkað um, verði honum endurgoldnar, eða látnar koma upp í það útsvar, sem hann greiðir næst til sveitarinnar.

6. Forseti fram lagði brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 7. f. m., þar sem hann ber upp þær fyrirspurnir:
 1. hvort sýslan geti vænt að fá nokkuð ókeypiss af kornvöru, ef sýslunefndin, að fengnum álitsskýrslum hlutadeigandi hreppsnefnda um ástandið, álitu óumflýjjanlega nauðsynlegt að afla hennar, — og ef þess væri enginn kostur,
 2. hvort sýslunefndin þá gæti vænt að fá samþykki amtsráðsins til nýrrar hallærislántöku fyrir sýsluna.

Amtsráðið ályktaði, að benda sýslumanni, að því leyti er 1. spurning hans snertir, til brjefs amtsins 7. nóv. f. á., og sem hann vitnar til, en í niðurlagi þessa brjefs er sagt, að sýslunefndum beri að snúa sjer til landshöfðingja um hjálp, ef þörf gjörist. Að því leyti er hina fyrirspurnina snertir, mun amtsráðið eigi synja um samþykki sitt til hallærisláns á ný handa sýslunni, ef brýn nauðsyn er til þess.

7. Framlögð útskript úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, viðvíkjandi fundarhaldi 16. nóv. f. á., en á þeim fundi hafði nefndin úthlutað milli hreppanna korni því, sem fluttist hingað á síðastliðnu hausti. Amtsráðið fann ekki neitt að athuga við þessa úthlutun.
8. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 2. okt. f. á., þar sem hann samkvæmt meðfylgjandi bóнарbrjefi ábúandans á hreppsörðinni Utanverðunesi, Magnúsar Árnasonar, fer þess á leit, að amtið útvegi þessum manni þóknun af opinberu fje fyrir þá jarðabót, sem hann hefur unnið á tjeðri ábylisjörð sinni, og sem er í því fólgin að hann hefur sljettað 960 □ faðma í túni. Með því amtsráðið sem

stendur eigi hefur fje undir höndum til þess að veita slíka þóknun af, vill það benda sækjanda á, að snúa sjer til sýslunefndarinnar, sem fær fje úr landssjóði til eflingar búnaði samkvæmt fjárlögunum 18^{81/85}, 10 gr. C. 4.

9. Forseti framlagði skýrslur frá ýmsum búnaðarfjelögum um unnar jarðabætur og bænarskrár um styrk af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði á árinu 1883, en þessar skýrslur voru ekki komnar, þá er amtsráðið á fundi sínum 24. okt. f. á. samdi tillögur sínar um úthlutun þessa fjár. Amtsráðið yfirfór þessar skýrslur nákvæmlega og rjæði til að þessum fjelögum yrði veittur fylgjandi styrkur eptir framkvæmdum hvers þess:

1.	Framfarafjelagi Saurbæjarhrepps	75 kr.
2.	—»— Hrafnagilshrepps	110 —
3.	Búnaðarfjelagi í Fljótum og Siglufirði	14 —
4.	—»— Áshrepps	284 —
5.	—»— Svínavatnshrepps í viðbót við þann styrk, sem ráðið á fundi sínum 24. okt. f. á. hafði lagt til að þetta fjelag fengi	34 —
		<u>517 —</u>

Amtsráðið gat ekki mælt fram með bænarskrá frá framfarafjelagi í Grímsey, nýstofnuðu, þar sem það eigi hefði unnið nokkrar jarðabætur til þessa.

10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, 11. f. m., þar sem hann leitir samþykkis amtsráðsins til þess, að hreppavegurinn um Svalbarðsströnd verði gjörður að sýsluvegi. Amtsráðið samþykkti þetta.
11. Amtsráðið fól amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni að yfirlíta og láta uppi álit sitt til næsta fundar ráðsins um reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum, áður en þessi reglugjörð yrði lögð undir staðfesting landshöfðingja, sbr. tilsk. 12. febr. 1872, um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, og tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 52. gr. 4.
12. Amtsráðið veitti 50 kr. úr jafnaðarsjóði sem þóknun fyrir skriptir við amtsráðið.
13. Amtsráðið ræddi ýmsar tillögur sýslumanna, er lúta að fjárveitingu til fjallvegagjörða, og ályktaði að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann veitti það fje sem hjer er nefnt, til þessara fjallvega:
- | | | |
|----|--|---------------|
| a. | Til vegarins yfir Vaðlaheiði í Eyjafjarðarsýslu | 3000 kr. |
| b. | — þess að fullgjöra veginn á Siglufjarðarskarði í sömu sýslu | 100 — |
| c. | — sæluhússins við Jökulsá | 850 — |
| d. | — vegarins yfir Vestdalsheiði | 1500 — |
| e. | — þess að fullgjöra veginn á Vatnsskarði í Skagafjarðarsýslu | 400 — |
| | | <u>5850 —</u> |
| f. | — þess að styrkja sýsluvegasjóði til vegagjörða á sýsluvegum á aðal-
póstleiðinni | 3300 — |
| | | <u>9150 —</u> |

og svo framarlega sem svo mikið fje er til fyrir hendi

- | | | |
|----|---|--------|
| g. | — vegarins yfir Grímstunguheiði | 2000 — |
| h. | — vegarins yfir Heljardalsheiði | 2000 — |
14. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, 21. nóv. 1883, sem er prentað í stjórnartíðindunum 1883, B. bls. 124, um neitun sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu að endurgjalda hreppstjórum útgjöld við útvegum embættisbóka þeirra (sbr. skýrslur um 5. d. maím. 1884.

51 fund amtsráðsins 28. og 29. júní 1882 Nr. 8. (Stjórnartíðindi 1882, B. bls. 159), og um fund ráðsins, 31. maí og 1. júní 1883 Nr. 9. (Stjórnartíðindi 1883, B. bls. 90).

Amtsráðið ályktaði með skírskotun til nefnds landshöfðingjabrjefs, 1.) að ítreka þá ályktun sína á fundinum 28. og 29. júní 1882, að útgjöldin til embættisbóka hreppstjóra greiðist úr sýslusjóðnum, *samkvæmt 42. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar*, 2.) að fella úr gildi ályktun sýslunefndarinnar á fundi hennar 30. marz 1883 þessu viðvíkjandi, og 3.) að láta oddvita nefndarinnar vita, að hann mætti búast við því, að amtsráðið eða forseti þess mundi beita þvingunarsektum gegn honum samkvæmt 52. gr. nefndrar tilskipunar, 1. lið, til þess að fá hann til að útborga þennan kostnað, þegar hreppstjórar krefðust þess. Á hinn bóginn fann amtsráðið eigi ástæðu til að koma fram ábyrgð við dómstólana gegn þeim sýslunefndarmönnum, sem tekið höfðu þátt í þeirri ályktun, að neita oddvita sínum um heimild til að útborga hin áminnstu útgjöld úr sýslusjóðnum, þar sem amtsráðið þó áður hafði látið í ljósi, að það gæti ekki álitid, að 47. gr. hreppstjórnarreglugjörðarinnar væri næg heimild fyrir gjaldi þessu.

15. Forseti gat þess, að hann með brjefum 15. okt. 1883 hefði birt sýslumönnunum í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu brjef landshöfðingja, 26. sept. s. á., viðvíkjandi beiðni þessara sýslufjelaga um að fá útborgaða sína tiltölu úr búnaðarskólasjóðnum (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 24. okt. 1883 Nr. 3.), en að hann hefði meðtekið, áður en brjefið til sýslumannsins í Húnavatnssýslu fór hjeðan, brjef sýslumannsins 25. okt., þar sem hann með skírskotun til endurrits úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi 11. s. m., fer þess á leit, að amtsráðið hlutist til um, að sýslan fái sinn hluta af búnaðarskólasjóðnum útborgaðan sem fyrst. Brjef þetta var framlagt og sömuleiðis endurritið úr gjörðabókinni, en af því má ráða, að það hafi verið meining sýslunefndarinnar á fundi hennar 6. apríl 1883, að bindast í fjelag við Skagafjarðarsýslu um búnaðarskólafundun á Hólum (þó í þeirri von að Eyfirdingar væri með). Sýslunefndin hefur þannig að vísu enn þá eigi samþykkt þá gjörninga, sem erindisrekar hennar gjörðu á Hólum 27. apríl 1883, viðvíkjandi skólanum þar, en með því það samt óbeinlínis sjest, að sýslunefndin nú hafi fallizt á gjörðir erindisreka sinna í þessu tilliti, ályktaði amtsráðið, að mæla með því, að Húnavatnssýsla fái sinn hluta útborgaðan af búnaðarskólasjóðnum.

Í annan stað var framlagt brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 29. f. m., þar sem hann með skírskotun til endurrits úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi 16. nóv. f. á., ítrekar beiðni sína um, að fá útborgaðan hluta sýslunnar af búnaðarskólasjóðnum. Endurritið var framlagt og má sjá af því, að gjörningar erindisreka Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu á Hólafundinum 27. apríl hafi verið framlagðir og samþykktir af sýslunefndinni, og hefur sýslunefndin lýst því yfir, að það hefði verið meining sín, að taka það gilt, sem erindisrekar hennar á Hólafundinum kæmi sjer saman um við erindisreka hinna beggia sýslanna um sameiginlegt búnaðarskólalald á Hólum. Þrátt fyrir þessi ummæli sýslunefndarinnar verður amtsráðið enn að vera sömu skoðunar sem það var á fundi sínum, 1. júní f. á., og sjá má af brjefi ráðsins til landshöfðingja, 12. s. m., bæði hvað snertir búnaðarskólamálið í heild sinni, og hvað sjer í lagi snertir

það atriði, að tvær og tvær sýslur sje í samfjelagi um einn skóla, og vill með þessari athugasemd skjóta hinni hjer umræddu beiðni til landshöfðingja.

16. Framlögð voru eptirnefnd endurrit úr gjörðabókum sýslunefnda og yfirfarin af amtsráðinu.
- a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 24. og 25. okt. 1882, 9. 10. 11. og 12. jan. 1883, 5. 6. og 7. maí 1883 og 11. og 12. október 1883.
 - b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 2. nóv. 1882, 19. 20. og 21. febr. 1883 og 1. maí 1883.
 - c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 20. 21. og 22. febr. og 16. nóv. 1883.
Við þessar fundargjörðir athugaði amtsráðið, að samkvæmt áætluninni yfir tekjur og gjöld sýslunnar 1883 er jafnað niður sem sýslusjóðsgjaldi 10 aurar á hvert hundrað, eða 1089 kr. 60 a., en samkvæmt 43. gr. sveitarstjórnartilsk. sbr. 26. gr. 4., mátti að eins jafna niður án samþykkis amtsráðsins 997 kr. 81 eyri. Sýslunefndin hefði því átt að leita samþykkis amtsráðsins til þessa, og ályktaði amtsráðið með skírskotun til brjefs síns 17. des. 1881 að leggja ríkt á við sýslunefndina, að við hafa eigi slíka ólöglega niðurföfnun eptirleidis.
 - d. Frá Suðurþingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 30. 31. marz og 1. apríl 1883 (enn fremur eptirrit viðvíkjandi fundarhaldi 17. febr. 1883, þar sem voru til staðar ásamt sýslumanni 2 nefndarmenn úr hvorri nefnd þingeyjarsýslanna, til þess að skipta gjafakorni).
 - e. Frá Norðurþingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 5. og 6. apríl 1883.
 - f. Frá Norðurmúlasýslu fundargjörðir frá 25. apríl og 6. ágúst 1883.
Niðurföfnun sýslusjóðsgjaldsins er 502 kr. 40 a. (6 a. á hvert hundrað), en þar sem niðurföfnunin að meðaltali fyrir 3 undangangandi ár (1880—1881 og 1882) að við bættum $\frac{1}{3}$ af þeirri meðalupphæð, nemur 462 kr. 73 a., hefur niðurföfnunin farið fram úr því, sem nefndin mátti jafna niður eða leggja á sýslubúa án samþykkis amtsráðsins. Amtsráðið ályktaði að leida athygli sýslunefndarinnar að fyrirmælum sveitarstjórnartilsk. 43. gr. sbr. 26. gr. 4, í þessu tilliti til eptirbreytni framvegis.
 - g. Frá Suðurmúlasýslu fundargjörðir frá 24. og 25. apríl og 13. septbr.
Án samþykkis amtsráðsins hefði eigi mátt jafna niður á sýslubúa meiru gjaldi til sýslusjóðs en 264 kr. 65 a., og fer því niðurföfnunin fyrir 1883, 700 kr. 67 a. fram úr þessari upphæð, en þess ber að gæta, að engu gjaldi hafði verið jafnað niður á árinu 1882. Amtsráðið ályktaði að brýna alvarlega fyrir sýslunefndinni það, sem ráðið hafði tekið áður fram í brjefi 17. des. 1881, viðvíkjandi niðurföfnun sýslusjóðsgjaldsins (sbr. 43. og 26. gr. 4, sveitastjórnartilskipunarinnar).
17. Fram lagðir voru sýslusjóðsreikningar fyrir 1882, sem forseti ráðsins hafði yfir farið, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.
- Amtsráðið rannsakaði og úrskurðaði þessa reikninga eins og hjer segir:
- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu var ekkert að athuga og samþykktí ráðið reikninginn.
 - b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu var sömuleiðis ekkert að athuga og var þessi reikningur samþykktur.
 - c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga og var reikningur þessi samþykktur.
 - d. Við reikninginn úr Suðurþingeyjarsýslu fannst að athuga:

51

Endurskoðandi sýslunefndarinnar hefur gjört þá athugasemd við reikninginn, að reikningurinn fyrir árið 1881 væri ekki fyrir til samanburðar, en í áætlun nefndarinnar yfir tekjur og gjöld sýslunnar á árinu 1882 væri talið að vera í sjóði frá fyrra ári (1881) 167 kr. 18 a. Eptirstöðvarnar frá 1881 eru nú líka svo taldar í eptirriti því af gjörðabók sýslunefndarinnar, sem er í höndum amtsráðsins, en þetta er ritvilla og eiga að vera eins og til fært er í reikningnum 140 kr. 76 a., en hin upphæðin 167 kr. 18 a. voru eptirstöðvar frá árinu 1880, en þess skal getið, að hið vantalda gjald af brennisteinsnámunum (Hlíðar- og Fremrinámum) fyrir 1880 og fleiri undangangandi ár, samtals 26 kr. 2 a., sem amtsráðið á fundi sínum 20. des. 1882 hefur leyft að mætti ganga úr reikningnum, hafði eigi verið talið í reikningnum, heldur hafði því verið sleppt alveg.

Amtsráðið býst við, að sýslunefndin gjöri gangskör að því, að Skútustaðahreppur borgi hið vanheimta sýslusjóðsgjald af námunum fyrir 1881 og 1882, sem sje fyrir 1881, 9 aur. af 72,3 6 kr. 51 e.
fyrir 1882, 7 aur. af 72,3 5 — 6 a.
alls 11 — 57 a.

en gjaldið fyrir hin nefndu 2 ár er talið í eptirstöðvum sjóðsins við
árslok 1882 11 — 70 a.
of taldir » — 13 a.

Samkvæmt þessu er í sjóði hjá reikningshaldara 99 kr. 23 aur., en ekki eins og í reikningnum til fært 99 kr. 10 a.

Að öðru leyti er reikningurinn samþykktur.

- e. Við reikninginn úr Norðurþingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga, og var þessi reikningur samþykktur.
- f. Reikningurinn úr Norðurmúlasýslu úrskurðast á þessa leið.
 1. Athugasemdum endurskoðanda sýslunefndarinnar við I. 4. 6. 10. II. 3. og 5. um vöntun og annmarka á fylgiskjölum er fullnægt af reikningshaldara.
 2. Athugasemd endurskoðanda um að gjöld, sem til fallið hafa eptir árslok 1882 eigi ekki heima í þessum reikningi, býst ráðið við, að reikningshaldari taki til athugunar eptirleiðis, og í annan stað verður að gæta þess, að reikningar sýslunefndarmanna yfir fæðispeninga og ferðakostnað sýni, hvað marga daga þeir hafi setið á fundi og hvenær og hve mörgum dögum þeir hafi varið til ferðarinnar fram og aptur.
- g. Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu fannst að athuga:
 1. Samkvæmt úrskurði amtsráðsins lögðum á reikninginn fyrir 1881, er eign frá fyrra ári 607 kr. 2 a., en ekki 606 kr. 95 a.
 2. Reikningar sýslunefndarmanna yfir fæðispeninga og ferðakostnað verða að sýna hve marga daga og hvenær þeir hafi setið á fundi og hvað mörgum dögum þeir hafi varið til ferðarinnar fram og aptur.
 3. Samkvæmt fylgiskjali 21., reikningi Ísaks Jónssonar fyrir mót á 2 fundum á Miðhúsum frá 6.—8. júlí og 10. og 11. sept., 5 daga alls, eru fæðispeningar og ferðakostnaður talinn 12 kr., eins og fyrir 6 daga, en ætti að vera 10 kr. fyrir 5 daga, of taldar 2 krónur, sem færast sjóðnum til inntektar.
Samkvæmt athugasemdunum 1. og 3. verður því skuld til næsta árs 132 kr. 85 a. en ekki 134 kr. 92 a.

18. Framlagðir voru auk vegaskýrslna sýsluvegasjóðsreikningar úr öllum sýslunum fyrir 1882 til yfirskoðunar og úrskurðar. 51

- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga.
- b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst að athuga, að eign frá fyrra ári, 315 kr. 49 a., er eigi talin í reikningnum, heldur er þessi upphæð lögð í hinn svo nefnda «brúarsjóð». Hið sama er um eign til næsta árs, 295 kr. 83 a. Amtsráðið ályktar, að þetta verði eigi gjört, nema árlegur reikningur yfir tekjur og gjöld brúarsjóðsins sje sendur amtsráðinu til rannsóknar. Eign sýsluvegasjóðsins til næsta árs er því 611 kr. 32 a.

Að öðru leyti er reikningur þessi samþykktur.

- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst að athuga:
1. Eins og hinir kosnu endurskoðendur úr sýslunefndinni hafa athugað, er sýsluvegasjóðsgjaldið vanreiknað um 6 kr. 60 a., og kemur þetta til af því, að reikningshaldari eins og áður (sbr. aths. amtsráðsins við reikningana fyrir 1879, 1880 og 1881) jafnar niður vegagjaldinu eptir rangri verðlagsskrá, semsje hjer eptir verðlagsskránni fyrir 18^{82/83} í staðinn fyrir 18^{81/82}, en eptir henni er hvert hálf dagverk 1 kr. 21 eyr.
 2. Ennfremur hafa endurskoðendur gjört þá athugasemd, að hálf dagverk væri of talið í Skriðuhrepp, þar sem dagsverkin samkvæmt skýrslu hreppstjórans eru eigi nema 102; með þessu móti er of talið 1 kr. 20^{1/4} e. (nefnilega eptir verðlagsskránni 18^{82/83}).
 3. Í skýrslu hreppstjórans í nefndum hreppi er eigi til færður aldur verkfærra karlmannna.
 4. Í fylgiskjali Nr. 25, reikningi yfir kostnaðinn við vegabætur í Vallahrepp, að upphæð 160 kr. 98 a. er 1^{2/3} dagverk (hvert á 2 kr.) á tveim stöðum reiknað 3 kr. 66 a. í staðinn fyrir 1 kr. 33 a.; samkvæmt þessu er rjett upphæð reikningsins 159 kr. 99 a. og of taldir 99 aurar.

Samkvæmt framanstandandi athugasemdum eru vantaldar í tekjum 5 kr. 46 a. (6 kr. 66 a. ÷ 1 kr. 20 a.) og of taldir 99 a. í útgjaldadálknum; eign til næsta árs er því 108 kr. 39 a. en ekki 101 kr. 94 a.

Jafnframt því að amtsráðið býst við, að það þurfi eigi framvegis að brýna fyrir reikningshaldara, að við hafa rjetta verðlagsskrá við niðurjöfnun sýsluvegasjaldsins, leggur það reikningshaldara fyrir, að senda með vegareikningnum eptirleiðis skoðunargjörðir tveggja tilkvaddra manna á þeim vegabótum, sem unnar hafa verið, eða vottorð sýslumanns og lýsing á vegabótinni, hafi hann sjálfur haft tækifæri til að skoða hana.

- d. Við reikninginn úr Suðrþingeyjarsýslu fannst að athuga, að reikningshaldari telur með tekjum 202 kr. sem *ógreitt tillag úr landssjóði*, og er hin sama upphæð talin með eptirstöðvum til næsta árs. Reikningshaldari mun eiga hjer við hlutdeild sýslunnar af því fje, sem veitt var með fjárlögnum 18^{82/83}, 10. gr. C. 5. b. til þess að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpostleiðunum. Í tilefni af þessu vill amtsráðið geta þess, að forseti ráðsins hefur í brjefi 9. marz 1882 skýrt sýslumanninum í Þingeyjarsýslu jafnframt og hinum sýslumönnunum í amtinu frá því, hve mikið landshöfðingi hafi ætlað sýsluvegasjóðum í norður- og austur-

51

umdæminu af þessari fjárveiting á árinu 1882, og að landshöfðingi hefði falið amtsráðinu að úthluta þessu fje milli sýsluvegasjóða, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í fjárlögnum um þetta efni og hafði forseti ráðsins í áminnstu brjefi, 9. marz 1882, skorað á sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, að senda amtsráðinu í tækan tíma nákvæmar skýrslur um það, sem unnið yrði á aðalpóstleiðinni í sýslunni á því ári. Sýslumaður hefur nú reyndar í brjefi til landshöfðingja, 15. apríl 1882, sem landshöfðingi sendi amtsráðinu til frekari aðgjörða, farið þess á leit, að sýsluvegasjóðnum yrðu veittar 370 kr. af hinni áminnstu fjárveiting, eða jöfn upphæð við það, sem sýslunefndin hefði ætlað, að verja skyldi til endurbóta sýsluvegum á aðalpóstleiðinni í Þingeyjarsýslu á árinu 1882. Amtsráðið tók þessa fjárbeiðni til umræðu á fundi sínum 28. júní 1882 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 28. og 29. júní 1882 í Stjórnartíðindunum 1882, B. bls. 160), og ályktaði að styrkurinn samkvæmt fjárlögnum yrði eigi veittur fyr en skýrslur væru komnar til ráðsins um hvað unnið hefði verið að vegabótum á aðalpóstleiðunum, en þetta tilkynnti forseti ráðsins 6. júlí s. á. sýslumanninum með skírskotun til áðurnefns brjefs, 9. marz s. á. Þrátt fyrir þetta kom engin hjer að lútandi skýrsla frá sýslumanni, og amtsráðið hefur því eigi getað úthlutað sýsluvegasjóði Suðurþingeyjarsýslu nokkrum styrk af þeirri fjárveiting, sem hjer er um að ræða, og skal þess ennfremur getið, að sýslumaður hefur heldur eigi sent neinar skýrslur um unnar vegabætur á sýsluvegum á aðalpóstleiðinni á árinu 1883, þótt forseti ráðsins í brjefi 21. apríl 1883 hafi skýrt honum frá fjárveitingunni til sýsluvega fyrir það ár, og hverjum skilyrðum hún væri bundin.

Samkvæmt þessu gengur hin áminnsta upphæð, 202 kr., úr reikningnum, og er eign sjóðsins til næsta árs 621 kr. 27. a.

- e. Við reikninginn úr Norðurþingeyjarsýslu fannst að athuga, að nákvæma skýrslu vantar um það, sem unnið hefur verið að sýsluveginum í Sauðaneshrepp, og sem hefur kostað 100 kr.

Amtsráðið ályktaði að skora á reikningshaldara, að senda eptirleiðis með reikningnum skoðunargjörðir tveggja tilkvaddra manna á þeim vegabótum, sem unnar hafa verið, eða þá vottorð sýslumanns og lýsing hans á vegabótinni hafi hann sjálfur haft tækifæri til að skoða hana.

Reikningurinn að öðru leyti samþykktur.

- f. Við reikninginn úr Norðurmúlasýslu fannst að athuga, að skoðunargjörðir á þeim vegabótum, sem unnar hafa verið, fylgja eigi reikningnum. Ráðið ályktaði, að skora á reikningshaldara, að senda eptirleiðis með vegareikningunum skoðunargjörðir tveggja tilkvaddra manna á vegabótunum, eða eigið vottorð sitt og lýsing á vegabótinni, þar sem hann sjálfur hefði haft tækifæri til að skoða hana. Að öðru leyti var reikningur þessi samþykktur af ráðinu.
- g. Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu fannst að athuga, að samkvæmt 11. fylgiskjali voru seldar við uppboð júffertur, sem notadar höfðu verið við Eyvindarárbrúna, fyrir 8 kr. 50., en þar frá dragast sölu- og innheimtulaun 68 a., verða þá eptir 7 kr. 82 a., en eigi eins og talið er í reikningnum 7 kr. 62. a.; eru því vantaldir 20 aurar og er eign til næsta árs 1210 kr.

19. Þá voru samin yfirlit 1) yfir efnahag sýslusjóða og 2) yfir efnahag sýsluvegasjóða í amtinu á árinu 1882. 5I

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi og var svo fundi slitið.

Akureyri 6. marz 1884.

J. Havsteen,

settur.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun staðfestingar á lagafrumvarpi um stofnun landsskóla. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegum brjefum frá 27. ágúst og 21. sept. f. á., sent hingað frumvarp til laga, sem fram kom af þingmanna hálfu og samþykkt var á síðasta alpingi, um stofnun landsskóla á Íslandi. 52
31 marz.

Að ytra álitu fer frumvarp þetta fram á, að stofnaður verði reglulegur háskóli á Íslandi, en með því að kennslan í guðfræði og læknisfræði á samkvæmt því fyrst um sinn að fara fram eptir sömu reglum, sem nú gilda fyrir prestaskólann og læknaskólann, og kennendurnir á þessum menntunarstofnunum einnig eptirleiðis eiga að hafa á hendi kennsluna í nefndum vísindagreinum á sama hátt og verið hefur, og þareð geymt er seinni lögum að stofna kennslu þá í heimspeki og öðrum vísindum, er frumvarpið gjörir ráð fyrir, verður í raun og veru hið eina nýja, sem frumvarpið fer fram á, það, að stofnuð sje kennsla í lögfræði og að lagaskóli sá, sem þannig kemst á og sem eptir fyrri frumvörpum átti að vera kennlustofnun út af fyrir sig, verði sameinaður við menntastofnanir þær, sem þegar eru til í guðfræði og læknisfræði, þannig að úr þeim öllum verði ein sameiginleg menntastofnun.

Í frumvarpinu er nú að eins mjög lauslega bent á, hvert fyrirkomulag skuli vera á menntastofnun þessari. Þannig verður hvorki sjeð af frumvarpinu nje umræðunum, hvort það á að vera skilyrði fyrir að geta orðið embættismaður á Íslandi, að hafa tekið próf við landsskólann, eða hvort kandiðatar frá Kaupmannahafnarháskóla einnig eigi að geta orðið það, eins og hingað til, og eigi er heldur hægt að sjá hvort burtfararpróf frá lærða skólanum skuli heimtað sem skilyrði fyrir að mega njóta kennslu landsskólanum og taka próf á honum, því þarsem svo sýnist sem ákvörðunin í 1. greiní um tilgang skólans byggji á þessu, þá bera aptur á móti umræðurnar á alpingi það berlega með sjer, að menn hafa ætlast til, að ólærðir menn skyldu einnig eiga aðgang að lögfræðisdeildinni. Að vísu felur nú 5. gr. frumvarpsins landshöfðingjanum að sem reglugjörð fyrir skólann, en hafi svo verið til ætlast, að í reglugjörð þessari skyldi nákvæmar skipað fyrir um fyrnefnd atriði og um fyrirkomulag skólans yfir höfuð þá hefði þó orðið að minnsta kosti að taka upp í frumvarpið aðalatriðin í fyrirkomulagi því, sem þingið vildi hafa á skólanum, eins og það einnig leiðir af sjálfu sjer, að það getur eigi orðið lagt á vald landshöfðingja eins, án hlutdeildar stjórnarinnar, að skipa fyrir um þessi mikilvægu atriði og gjöra aðalbreyting á fyrirkomulagi því, sem nú er og sem byggt er á konunglegum úrskurðum, skipulagsskrám og þesskonar ákvörðunum.

Að því er þessu næst snertir aðalefni lagafrumvarpsins, sem er að koma á fót kennlustofnun í lögum, skal vísað til brjefs ráðgjafans frá 28. febr. 1880 (Stjórnart. B. bls. 60), en þar eru ástæður þær teknar fram, sem að álitu ráðgjafans mæla á móti slíkri stofnun. Því fer nú svo fjarri að reynzlan hafi sýnt á þeim tíma sem síðan er